



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Sent í samráðsgátt.
Reykjavík, 24. mars 2021

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda (mál nr. S-74/2021).

Tilv. 202103-0011


Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 10. mars sl., þar sem óskað var umsagna um mál nr. 74/2021 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014 (hér eftir reglugerðin) um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Lögð er til breyting á 6. gr. reglugerðarinnar (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 1169/2011) um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda og felur í sér að heimilt verði að veita lögboðnar upplýsingar á forpökkuðum matvælum með tæknilausnum.

Í 2. tl. 12. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um hvernig skuli setja fram lögboðnar upplýsingar um forpökkuð matvæli og ekki er gert ráð fyrir að EES- og ESB-ríki hafi svigrúm um framsetningu þeirra. Annað gildir um matvæli sem ekki eru forpökkuð og hefur sú heimild verið nýtt hér á landi, sbr. 6. gr. Í 12. gr. er einnig fjallað um heimild Framkvæmdastjórnar ESB til að setja sérstakar reglugerðir um það með hvaða hætti, þ.e. öðrum hætti en á merkimiðum eða umbúðum, sé leyfilegt að setja fram tiltekna lögboðnar upplýsingar. Þær hafa ekki verið settar og setningu þeirra eru jafnframt sett skilyrði er m.a. lúta að sönnun á sama skilningi neytenda á aðferðunum.

Bændasamtökin telja tillögur til breytinga á reglugerðinni til útvíkkunar á leyfilegri framsetningu lögboðinna upplýsinga ekki samræmast sameiginlegum reglum sem gilda á EES-svæðinu. Af því leiðir að matvæli sem merkt eru skv. tillögunni verði ekki heimilt að markaðssetja í öðrum ríkjum EES.

Markmið reglugerðarinnar skv. 3. gr. er m.a. að vernda heilbrigði og hagsmuni neytenda með því að vera grunnur að upplýstri ákvarðanatöku og öruggri notkun þeirra á matvælum. Ekki verður annað séð en breytingin sem lögð er til gangi þvert gegn því markmiði, sem og markmiðum og niðurstöðum samráðshóps sem komið var á fót í atvinnuvegaráðuneytinu um betri merkingar matvæla og skilaði skýrslu sinni 9. september sl. Með vísan til framangreinds leggja samtökin gegn þeim reglugerðarbreytingum sem lagðar eru til.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir